

Þá viðburði að fyrirlíta !
 Því hitt er sér, á heimskra þingum
 að "húrra" fyrir ávinningum.
 En fólkska var að fyrirmunna
 þeim fákeyping í guðskistuna.

26-2-10

Stephan G. Stephanson

Upphaf og þroskun únítaratrúarinnar í kristnu kyrkjunni

(*Framhald*)

Þrenningarkenning Aþanasíusar og áhangenda hans ruddi sér smám saman til rúms í löndunum við Miðjarðarhafið og þrengdi skoðunum þeim, sem við Arius voru kendar, norður á bóginn til þjóðanna, sem voru farnar að færa sig nær og herja á rómverska ríkið. Seint á fjórðu öldinni var uppi maður, sem hafði afar mikil áhrif á guðfræði orþódoxu kyrkjunnar, er vörðu niður eftir miðöldunum og eru ennþá við lýði í kaþólsku kyrkjunni ; maður þessi var Ágústínus. Árið 387 snérist hann til kristinnar trúar og gerðist brátt einn af ákveðnustu formælendum rétttrúnaðarins. Í æsku hafði hann mentast í heimspeki hinna svo nefndu Ný-platóninga, sem var þá aðalstefnan í heimspeki á meðal mentaðra Rómverja. Á þann hátt hafði hann komist í kynni við kenningar Platós og annara forngrískra spekinga, eins og þær birtust í ný-platónsku heimspekinni. Þessar skoðanir, sem hann fékk í æsku, komust inn í guðfræði hans eftir að hann varð kristinn. Guðshugmynd hans var í raun og veru grísk eingyðishugmynd, en við hana bætti hann þrenningarkenningunni, án þess að geta nokkurn tíma, að ýmsra áliti, sameinað þessar tvær hugmyndir til fulls. En aðalkenning Ágústínusar er kenningin um fall mannsins og guðlega náð.